

Siðareglur Háskóla Íslands

Formáli

Siðareglur þessar eru samþykktar á háskólaþingi 31. október 2019 og staðfestar af háskólaráði Háskóla Íslands 5. desember 2019. Með skráningu þeirra eru fangaðir í orð helstu þættir þeirra siðferðilegu gilda og ábyrgðar sem eru samofnir störfum og námi við Háskóla Íslands, í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk hans og nemendur við að sinna verkefnum sínum á vandaðan og uppbyggilegan hátt.

Samkvæmt 1. gr. laga um Háskóla Íslands skal hann vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Margvíslegar lögfestar reglur móta þetta hlutverk og mæla fyrir um lagalega ábyrgð á háskólastarfinu og formleg viðurlög ef út af ber. Slíkar reglur lýsa þó ekki öllum þeim viðmiðum sem hafa ber í heiðri í háskólasamfélaginu. Skráðar siðareglur eiga sér samsvörun í ýmsum lagareglum og eðli máls samkvæmt er æskilegt að sem mest samræmi ríki þar á milli. Mikilvægasta hlutverk skráðra siðareglna er að veita ítarlegri viðmiðanir um breytni og faglega ábyrgð en lagareglum er ætlað, enda gilda þær áfram þegar hinum lögfestu reglum sleppir. Siðareglunum er ætlað að styðja við aðrar reglur um starfshætti og samskipti sem gilda innan Háskóla Íslands og vera þeim til fyllingar. Slíkar reglur kunna að gilda fyrir tiltekna hópa (s.s. kennara, nemendur, fagfélög og nemendafélög) eða innan einstakra sviða og starfseininga.

Siðareglur þessar eru viðmið um breytni allra háskólaborgara, nemenda og starfsfólks, innan sem utan skólans, hvort sem þeir sinna akademískum störfum, öðrum störfum eða námi við Háskólann. Einstakir stjórnendur vinna að framgangi siðareglnanna og er þeim jafnframt falin ábyrgð á að fjalla um álitamál og eftir atvikum jafna ágreining, sem upp kann að koma innan þeirra starfseininga. Í þeim tilfellum ber m.a. að horfa til siðareglnanna. Framsetning reglnanna tekur mið af grunngildum Háskóla Íslands, sem eru *fagmennska*, *jafnrétti* og *akademískt frelsi*, auk sjónarmiða um samvinnu, heilindi og sjálfbærni. Markmið þeirra er að skapa starfsumhverfi sem byggir á þessum gildum og eflir háskólasamfélagið í viðleitni sinni til þess að sinna því frumhlutverki sínu að afla þekkingar, miðla henni og varðveita.

Leiðsögn

Eftirfarandi leiðbeiningum er ætlað að veita leiðsögn um hvernig styðjast má við siðareglur Háskóla Íslands í daglegum störfum, námi og samskiptum.

1. Íhugaðu hvort tiltekin breytni standist þau viðmið sem fram koma í siðareglum Háskólans. Frekari leiðsögn kann að felast í öðrum og sérhæfðari reglum skólans, sem eftir atvikum er vísað til í siðareglunum.
2. Íhugaðu hvernig þú myndir rökstyðja tiltekna ákvörðun eða breytni í samtali við fjölskyldu, vini eða fjölmiðla. Myndi orðspor þitt eða skólans bíða hnekki? Þætti þér verjandi að ráðleggja öðrum að breyta eins og þú?
3. Ekki hika við að leita ráðgjafar hjá samstarfsfólki þínu eða ábyrgðaraðilum tiltekinna málaflokka.

Siðanefnd Háskóla Íslands getur einnig veitt ráðgjöf varðandi siðareglurnar. Tölvupóstfang nefndarinnar er [sidanefnd@hi.is]

Siðareglur

Þessar siðareglur eru okkar allra og við virðum þær og vinnum að framgangi þeirra á grundvelli gilda Háskóla Íslands.

1. Fagmennska, metnaður og traust

Fagmennska og metnaður einkenna störf starfsfólks og nemenda og eru forsenda þess trausts sem Háskólinn nýtur í samfélaginu.

- 1.1. Við öflum og miðlum þekkingu af hlutlægni og sanngirni og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
- 1.2. Við gætum þess að upplýsingar sem við veitum séu eins réttar og nákvæmar og kostur er. Við fullyrðum ekki meira en vitneskja okkar gefur tilefni til hverju sinni, heldur viðurkennum hvenær þekking okkar er takmörkuð, öflum okkur upplýsinga, eða vísum fyrirspurnum til viðeigandi aðila.
- 1.3. Við kynnum okkur og virðum reglur Háskólans um réttindi, skyldur og vinnulag sem eru mikilvægur hluti af þessum siðareglum.

Nánari upplýsingar um réttindi, skyldur og vinnulag:

- [Lög um opinbera háskóla](#)
- [Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins](#)
- [Reglur fyrir Háskóla Íslands](#)
- [Gæðastefna Háskóla Íslands](#)
- [Leiðbeiningar um góða starfshætti](#)

2. Jafnrétti

Jafnrétti er leiðarljós í starfi Háskólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu.

- 2.1. Við komum fram við aðra af kurteisi, réttisýni og virðingu og gætum þess í störfum okkar, námi og samvinnu að einstaklingum sé ekki mismunað, t.d. vegna kyns, kynvitundar, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana. Við veitum engum sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla eða hagsmuna.
- 2.2. Við tökum ekki með nokkrum hætti þátt í einelti, áreitni eða öðru ofbeldi og erum á varðbergi gagnvart slíkri háttsemi.
- 2.3. Við erum meðvituð um að ójöfn valdatengsl ríkja á milli einstaklinga og hópa og við misnotum ekki valdastöðu okkar.

- 2.4. Við leggjum okkur fram um að styðja og efla menningu sem byggir á jafnrétti, fjölbreytileika og gagnkvæmri virðingu.

Nánari upplýsingar um jafnréttisstefnu Háskóla Íslands, reglur og verkferla:

- [Jafnréttisáætlun 2018-2020](#)
- [Viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni/ofbeldi](#)
- [Viðbrögð við einelti og öðru ofbeldi innan Háskóla Íslands,](#)
- [Ráð um málefni fatlaðs fólks](#)

3. Akademískt frelsi og vönduð vinnubrögð

Akademískt frelsi er grunnur alls háskólastarfs og stuðlar að gagnrýninni hugsun, skapandi þekkingarleit, víðsýni og framsækni.

- 3.1. Við virðum frelsi hvers annars til rannsókna og tjáningar á fræðilegri þekkingu og sannfæringu okkar.
- 3.2. Við viðurkennum frelsi hvers annars til að gagnrýna á málefnalegan hátt stefnu og starfshætti Háskólans.
- 3.3. Við birtum rannsóknarniðurstöður okkar í eigin nafni eða nafni viðkomandi skipulagseiningar innan Háskólans. Enginn getur látið uppi álit Háskóla Íslands annar en háskólaráð eða rektor í umboði þess.
- 3.4. Við virðum í hvívetna reglur og viðmið um siðferði og vönduð vinnubrögð í vísindum. Við gætum hlutlægni í rannsóknum og framsetningu rannsóknaniðurstaðna, hugum vandlega að fræðilegu sjálfstæði okkar, forðumst hvers kyns hagsmunaárekstra og virðum höfundarrétt.

Nánari upplýsingar um siðferði og vönduð vinnubrögð í vísindum:

- [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#)
- [Lög um vönduð vinnubrögð í vísindum](#)
- [Lög um persónuvernd](#)

4. Samvinna og gagnkvæm virðing

- 4.1. Við sýnum hvert öðru virðingu í framkomu, samskiptum, ræðu og riti og högum skoðanaskiptum á málefnalegan hátt.
- 4.2. Við vinnum saman af heilindum og óhlutdrægni og forðumst að láta persónuleg tengsl og hagsmuni hafa áhrif á samvinnu.

4.3. Við gætum sanngirni og viðurkennum framlag hvers annars til fræðasamfélagsins.

5. Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð.

5.1. Við tökum ábyrgð á afleiðingum starfa okkar fyrir samfélag, umhverfi og náttúru.

5.2. Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi, forðumst sóun og leitumst við að lágmarka neikvæð áhrif starfs og náms á umhverfi og náttúru.

5.3. Við leggjum okkur fram um að virkja rannsóknir og hagnýtingu þekkingar í þágu farsæls samfélags, uppbyggilegrar umræðu og lífsskilyrða komandi kynslóða.

5.4. Við leitumst við að efla frjáls, málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti í samfélaginu. Við tökum þátt í opinberri umræðu eða sinnum félags- og stjórnámálum samkvæmt eigin sannfæringu. Jafnframt erum við minnug ábyrgðar okkar sem háskólaborgara.

Upplýsingar um sjálfbærni og umhverfismál:

- [Sjálfbærni- og umhverfismál í Háskóla Íslands](#)
- [Sjálfbærni- og umhverfisstefna Háskóla Íslands](#)
- [Samgöngustefna Háskóla Íslands](#)
- [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)

6. Heilindi, ábyrgð og hollusta

6.1. Við berum siðferðilega ábyrgð á störfum okkar og breytni.

6.2. Við rýrum ekki orðspor og trúverðugleika Háskólans með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög og reglur eða virðingarleysi við mannhelgi og mannréttindi.

6.3. Við gætum trúnaðar og förum með persónuupplýsingar af varfærni.

6.4. Við gætum þess að fara vel með fjármuni og önnur verðmæti sem okkur er trúað fyrir eða við höfum til umráða vegna starfs okkar eða náms, og notum þau ekki í þágu einkahagsmuna.

6.5. Við forðumst að taka að okkur verkefni sem ekki samræmast skyldum okkar við Háskólann.

6.6. Við gerum grein fyrir hagsmunatengslum og forðumst hagsmunaárekstra. Við leggjum okkur fram um að skapa og viðhalda starfsumhverfi sem einkennist af heiðarleika og góðu siðferði og færumst ekki undan því að vekja athygli á þáttum í starfsemi Háskólans sem stríða gegn siðareglum hans.

7. Viðbrögð við háttsemi og erindum

- 7.1. Verði starfsmaður, nemandi eða aðrir þess áskynja að tiltekin háttsemi stríði gegn siðareglunum, er rétt að vekja athygli yfirmanns eða trúnaðarmanns (eftir atvikum fulltrúa nemenda eða starfsmanna) á því eða vísa erindinu til siðanefndar Háskóla Íslands.
- 7.2. Siðanefnd tekur við erindum frá aðilum innan og utan Háskólans, en tekur ekki mál upp að eigin frumkvæði.
- 7.3. Starfsfólk og nemendur gjalda ekki fyrir rökstuddar ábendingar um brot á siðareglum eða fyrir að leita réttar síns telji það á sér brotið.
- 7.4. Siðanefnd leggur mat á erindi sem henni berst og tekur afstöðu til þess hvort það varði fyrst og fremst meint brot á siðareglum. Ef erindi er þess eðlis að mati nefndarinnar að það varði fyrst og fremst aðrar reglur en siðareglur vísar hún því frá og leiðbeinir um viðeigandi farveg innan skólans eftir eðli máls.
- 7.5. Siðanefnd getur verið viðkomandi starfseiningum til ráðgjafar um túlkun siðareglna.
- 7.6. Formaður siðanefndar upplýsir rektor reglulega um störf nefndarinnar.
- 7.7. Taki siðanefnd erindi til efnislegrar meðferðar veitir nefndin álit um hvort siðareglur Háskólans hafi verið brotnar.
- 7.8. Siðanefnd starfar samkvæmt starfsreglum sem háskólaráð staðfestir og er ætlað að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.
- 7.9. Álit siðanefndar skal vera bæði rökstutt og afdráttarlaust. Nefndin mælir ekki fyrir um viðurlög við brotum á siðareglum, en tekur afstöðu til alvarleika brotsins og hvort um endurtekið brot hafi verið að ræða.
- 7.10. Ef það er álit siðanefndar að sú háttsemi sem um ræðir feli í sér brot á siðareglum vísar nefndin erindinu til rektors sem lögum samkvæmt grípur til viðeigandi ráðstafana. Ef um er að ræða ágreining eða brot á lagareglum, sem heyrir undir aðila utan Háskólans, vísar nefndin erindinu frá.

Málsmeðferðarreglur siðanefndar Háskóla Íslands

Samþykktar á háskólaþingi 31. október 2019 og staðfestar í háskólaráði 5. desember 2019.

1. Almenn

Við Háskóla Íslands starfar siðanefnd sem hefur með höndum umfjöllun um meint brot á siðareglum Háskólans, kynningu á siðareglunum innan skólans, ráðgjöf um túlkun og umgengni við siðareglurnar og samhæfingu á verklagi innan ólíkra starfseininga Háskólans.

Ráðgjafarhlutverkið felur í sér:

- Að beina erindum í viðeigandi farvegi eftir eðli þeirra.
- Að vera stjórnendum starfseininga til ráðgjafar um erindi sem varða siðareglur en eru á ábyrgð viðkomandi stjórnenda.
- Að vera rektor til ráðgjafar, taka til efnislegrar umfjöllunar og veita álit um þau erindi sem ekki verða leyst eftir öðrum leiðum innan stofnunarinnar.

Siðanefnd tekur við skriflegum erindum um meint brot á siðareglum frá nafngreindum aðilum innan eða utan Háskólans. Nefndin tekur ekki mál til meðferðar að eigin frumkvæði.

Siðanefnd metur hvort erindi varði fyrst og fremst siðareglur. Varði erindi fyrst og fremst aðrar reglur vísar nefndin erindinu frá og leiðbeinir um viðeigandi farveg innan skólans.

Siðanefnd er starfseiningum til ráðgjafar við túlkun siðareglna, sé þess óskað, en málsmeðferð og endanleg niðurstaða einstakra erinda skal þó vera á ábyrgð viðeigandi stjórnenda.

Taki siðanefnd erindi til efnislegrar meðferðar veitir nefndin álit um hvort siðareglur hafi verið brotnar. Í þeim tilfellum starfar nefndin samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.

Formaður siðanefndar upplýsir rektor reglulega um störf nefndarinnar.

Starf siðanefndar skal, eftir því sem við á, taka mið af meginreglum um óhlutdrægni og vandaða málsmeðferð, m.a. hvað varðar stöðu málsaðila og tillit til hagsmuna þeirra. Er í því efni vísað til meginreglna stjórnarsýsluréttar um meðferð mála sem miða að því að tryggja vandaða og málefnalega umfjöllun um hvert mál.

Til þess að tryggja hagsmuni málsaðila getur siðanefnd ákveðið að farið sé með málgögn og álit þess sem trúnaðarmál. Siðanefnd getur einnig, ef sérstaklega stendur á, ákveðið að sá sem ber fram erindi njóti nafnleyndar, enda sé sýnt að meðferð þess geti að öðrum kosti bitnað á honum.

2. Nefndarskipun

Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Félag háskólakennara og Félag prófessora skipa hvort um sig einn nefndarmann. Þegar siðanefnd

berst erindi sem kallar á sérstaka þekkingu getur hún óskað eftir því við rektor að skipaðir verði tveir fulltrúar að auki til þess að fjalla um erindið. Í umboði háskólaráðs skipar rektor þessa tvo fulltrúa að fengnum tilnefningum formanns nefndarinnar.

Þegar um ræðir erindi sem snertir nemendur skal kalla til tvo fulltrúa sem Stúdentaráð tilnefnir.

Hlutfall kynja í nefndinni skal hverju sinni vera eins jafnt og kostur er.

Hamli réttmæt forföll því að nefndarmaður geti tekið þátt í störfum siðanefndar, skipar rektor í umboði háskólaráðs þá annan nefndarmann í fjarveru hans.

Rektor skipar nefndinni ritara úr hópi starfsmanna Háskólans og skal ritari jafnan hafa lögfræðimenntun.

3. Hæfi nefndarmanna

Nefndarmaður er vanhæfur til að fjalla um erindi eigi vanhæfisreglur 3. gr. [stjórnsýslulaga nr. 37/1993](#) við um hann. Skipar rektor í umboði háskólaráðs þá annan nefndarmann í hans stað.

Verði ágreiningur um sérstakt hæfi nefndarmanns sker þá siðanefndin úr, sbr. 5. gr. stjórnsýslulaga. Ágreiningi um almennt hæfi nefndarmanns verður skotið til háskólaráðs.

4. Málsgrundvöllur

Áður en siðanefnd tekur erindi til umfjöllunar kannar hún hvort það snertir siðareglur Háskóla Íslands. Varði erindið fyrst og fremst aðrar reglur en siðareglur vísar nefndin því frá en veitir leiðbeiningar um viðeigandi farveg innan skólans eftir eðli þess. Þá getur nefndin vísað tilhæfalausum erindum frá og erindum sem varða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.

5. Tilkynning

Berist siðanefnd erindi sem ekki verður vísað frá þegar í stað tilkynnir nefndin þeim sem erindið varðar um það og veitir viðkomandi frest til að lýsa sjónarmiðum sínum.

6. Gagnaöflun

Siðanefnd aflar nauðsynlegra gagna til þess að hún geti veitt álit sitt. Gætt skal að trúnaði og nafnleynd ef við á, sbr. 1. gr. Nefndin skal eiga óheftan aðgang að gögnum sem erindið varðar í skjalasafni Háskóla Íslands. Viðræður nefndarmanna við þá sem máli tengjast skulu skjalfestar eftir því sem við verður komið. Ef gerð er upptaka af viðtali skal það gert með samþykki viðmælenda. Það sem skráð er eftir viðmælendum skal borið undir þá til samþykkis.

Þeim sem kemur fyrir siðanefnd og erindi beinist að er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á sinn kostnað.

Öll gögn og álit siðanefndar skulu vistuð undir sérstöku málnúmeri í skjalasafni Háskóla Íslands.

Um aðgang að upplýsingum sem nefndin aflar og niðurstöðum mála gilda ákvæði upplýsingalaga.

7. Andmælaréttur

Áður en siðanefnd kemst að niðurstöðu varðandi erindi skal málsaðili eiga þess kost að tjá sig um framkomnar ávirðingar, öll gögn sem aflað hefur verið og afstöðu annarra málsaðila ef þeim er til að dreifa.

8. Sáttaumleitan

Eftir athugun á málgrundvelli, sbr. 4. gr., getur siðanefnd hvenær sem er við meðferð máls kannað vilja málsaðila til að ljúka málinu með sátt. Ákveði aðilar að ljúka málinu með sátt, skal siðanefndin, eftir því sem við verður komið, styðja málsaðila í því að ná sáttum.

9. Niðurstaða

Álit siðanefndar skal vera rökstutt og afdráttarlaust um það hvort farið hafi verið í bága við siðareglur Háskóla Íslands. Geti nefndin ekki komist að skýrri niðurstöðu vegna skorts á upplýsingum um málsatvik, skal erindinu vísað frá. Geti nefndarmenn ekki orðið sammála um það hvort farið hafi verið í bága við siðareglurnar, ræðst niðurstaðan af afstöðu þeirra nefndarmanna sem mynda meirihluta.

Siðanefnd mælir ekki fyrir um viðurlög, en skal taka afstöðu til alvarleika umræddrar háttsemi.

10. Birting niðurstöðu

Álit siðanefndar skal vera skriflegt og tilkynnt málsaðilum bréflega. Niðurstaðan er einnig send rektor sem grípur til viðeigandi ráðstafana lögum samkvæmt.

11. Viðbrögð við niðurstöðu nefndarinnar

Niðurstaðan siðanefndar um hvort tiltekin háttsemi fari í bága við siðareglur er endanleg. Siðanefnd er enn fremur heimilt að benda rektor á annmarka á reglum sem gilda um Háskóla Íslands.